

Breiðholtsþing var haldið öðru sinni 28. nóvember 2012 í Gerðubergi.

Yfirskrift þingsins var *Horft til framtíðar*.

Breiðholtsþing er opinn vettvangur fyrir Breiðhyltinga til að hafa áhrif á hverfið sitt.

Hverfisstjóri Breiðholts stendur að Breiðholtsþingi.

Um 45 þátttakendur mættu á þetta Breiðholtsþing.

Niðurstöður Breiðholtsþings 28. nóv. 2012:

Málefni sem varðar börn og unglinga

1. Mikilvægt er að huga betur að aðbúnaði og viðhaldi skólabygginga og skólalóða. Lóð Breiðholtsskóla er gömul, lóðin er ekki örugg börnum því þar eru ýmsar slysaáhrif. Áætlanir um endurnýjun skólalóðar Breiðholtsskóla hafa brugðist.
2. Huga þarf að umferðaröryggi í Vesturbergi og Austurbergi, æskilegt er að þar verði 30 km hámarkshraði. Þörf er á fleiri hraðahindrunum og fleiri gangbrautum. Það vantar gangstéttir í botnlangagötur niður úr Vesturbergi.
3. Huga þarf að umferðaröryggi allan hringinn, Vesturberg-Suðúrhólar-Austurberg og Norðurfell, þar mætti hafa 30 km. hámarkshraða.
4. Þörf er á ungmennahúsi í Breiðholti með áherslu á virka þátttöku ungmenna og nýsköpun. Nýta má eitthvað húsnæði sem er til staðar í hverfinu. Mögulegt er að þróa starfseminna í samstarfi við Miðberg, Þjónustumiðstöðina og FB.
5. Mikilvægt er að börn geti stundað íþróttir án þess að foreldrar séu að skutla þeim fram og til baka. Íþróttastarf í hverfinu er of dreift og kemur það jafnvel í veg fyrir þátttöku barna. Íþróttastrætó hefur verið ætlað að mæta þessum vanda en ýmsir vankantar eru á því. T.a.m. gengur vagninn ekki í takt við allar tímatöflur íþróttafélaganna. Börn þurfa þá að bíða án gæslu eftir því að æfing byrji. Æskilegt væri að hafa sama fyrirkomulag og hefur verið þróað í Vesturbæ. Þar er samráð milli frístundaheimila og KR um skipulag íþróttastarfs eftir að skóla lýkur á daginn. Starfsmenn frístundaheimila fara með í rúturnar og sinna gæslu áður er íþróttirnar hefjast.
6. Grunsemdir um að verið sé að leigja ólöglega út hús sem er í enda Vesturbergs (Suðúrhólamegin), þarna er mikil umferð fólks sem virðist eiga erfitt. Þetta þarf að skoða.
7. Mikil þörf á talþjálfun meðal barna innflytjenda og barna með þroskafrávik, tryggja þarf að þessi börn fái viðhlítandi þjónustu talmeinafræðinga.
8. Skoða ber nýjar leiðir við að aldurs- og getuskipta börnum. T.d. aldursskipting í bekk miðist ekki við afmælisdag á almanaksári og að íþróttafélög séu ekki með getuskiptingu.

Málefni heyrnalausra

1. Heyrnalausir eru ánægðir með félagsaðstöðuna í Gerðubergi.
2. Mikilvægt er að fólk í samfélaginu hafi skilning á ólíkum forsendum þeirra sem fæðast heyrnalausir og þeirra sem verða heyrnalausir einhvertíma á lífleiddinni.
3. Tryggja þarf öryggi heyrnalausra í samfélaginu. T.d. að til staðar séu brunavarnir í opinberum byggingum fyrir heyrnalausum. Í Gerðubergi væri hægt að setja upp blikkandi ljós. Heyrnalausir þurfa að hafa samskiptaleiðir við neyðarlínuna (112), t.d. að neyðarlínan noti sms til að láta vita um hamfarir.
4. Heyrnalausir vilja vera í samfélagi með heyrandi, t.d. á vettvangi félagsstarfs, s.s. ferðalaga. Þá þarf að hafa aðgang að táknaðmálstúlk.

Umhverfi

1. Fyrirhuguð hjólabraut upp með Breiðholtsbraut verði lätin liggja í brú yfir Breiðholtsbraut rétt austan Norðurfells í stað stað þess að hún verði lögð við skíðabrekkuna og í gegn um undirgöngin.

2. Lokið verður við U laga malarstíg í kring um efra Breiðholtið.
3. Hálfuvarnir verði bættar, sérstaklega í botnlöngum og bröttum götum, það minnkar nagladekkjanotkun.
4. Mikilvægt er að huga að bættum almenningssamgögnum en hófs sé gætt í strætisvagnafargjöldum.
5. Stuðla verður að bættri umgengni í Breiðholti. Bæta þarf varnir gegn veggjakroti t.d. með því að ungir listamenn myndskreyti ákveðna vegg.
6. Komið verði upp fjallahjólabraut í skíðabrekkunni við Jafnasel. Brekkan verði lengd til austurs og hækkuð.
7. Lausaganga hunda verði tekin föstum tókum. Eigendur hunda bera ábyrgð á að hirða upp eftir þá. Tekið verði til alvarlegrar athugunar að banna lausagöngu katta.

Menning o.fl.

1. Húsnæði í Undirheimum er vannýtt. Það mætti nýta fyrir ýmsa starfsemi, s.s. að þar sé aðstaða til myndvinnslu, upptökustúdíó, eða annað sem gæti jafnvel gefið af sér í aðra hönd. Fréttasetur gæti haft þar aðsetur sem myndi senda út jákvæðar fréttir úr Breiðholtinu.
2. Heilsuræktaraðstöðu vantar í Breiðholt.
3. Nýta má skíðabrekkuna og svæðið þar í kring enn betur. T.d. mætti skoða möguleikann á að vera með snjóbyssur. Hjólbraut væri ákjósanleg á svæðinu, það væri gott samvinnuverkefni fyrir borgina með ÍR og Leikni.
4. Tilvalið er að setja upp golfvöll á Vatnsendahæð, það mætir óskum íbúa og gefur hverfinu jákvæða ímynd.
5. Efna ætti til Karnivals í hverfinu einu sinni á ári, það myndi styrkja félagsauð og draga fram fjölbreytileika samfélagsins í Breiðholti.